

Formannafundur 2.október 2013

Dagskrá fundar

1. Íþróttastjóri fer yfir verkefni haustsins og framtíðarsýn
2. Uppskeruhátíð UMFA
3. Afslættir í Nóra á æfingagjöldum, notkunarmöguleikar
4. Útdeiling á framlagi til afreksstarfsemi í bæjarsamningum
5. Önnur mál

Mættir fyrir hönd aðalstjórnar Aftureldingar eru :

Guðjón Helgason, Auður Gunnarsdóttir og Lára Berglind Helgadóttir

Mætt fyrir hönd deilda:

Andrea Jónsdóttir karate, Guðrún K.Einarsdóttir blak, Ólafur Óskarsson frjálsar, Sigurður Andrésson karfa, Dagný Kristinsdóttir badminton, Anna Hlíf Svavarsdóttir fimleikar, Inga Lilja Lárusdóttir handbolti, Ingólfur Garðarsson fótboldi og Jónas P. Aðalsteinsson sund

Einnig sátu fundinn: Jóhann Már Helgason framkvæmdastjóri, Indriði Jósafatsson íþróttastjóri og Sigurður Rúnar Magnússon gjaldkeri barna- og unglingaráðs knattspyrnudeildar.

Guðjón setti fund kl.17:15 og bauð fundargesti velkomna til fundar.

1. Indriði Jósafatsson íþróttastjóri fer yfir þau verkefni sem hann er að fara yfir og vinna með starfsfólki og þjálfurum Aftureldingar. Talar um skylduverkefni, svo sem skyndihjálparnámskeið. Fer yfir markmiðasetningar, færnisáætlun Aftureldingar og framtíðarsýn. Minnst á spennandi verkefni í samvinnu við UMSK, rætt betur síðar.
2. Uppskeruhátíð UMFA rædd. Auður Gunnarsdóttir varaformaður aðalstjórnar spyr formenn deilda um skoðanir á uppskeruhátíð í þeirri mynd sem verið hefur. Spyr hvornig þeir vilja sjá uppskeruhátíð í framtíðinni. Upp kemur hugmynd um svokallaðan Aftureldingardag. Þar gerir hver deild upp sitt ár. Velja þarf íþróttamann og konu Aftureldingar sem myndi tengjast inn í „Aftureldingardag/menningarviðburð“. Brjóta hátíðina upp, gera hana meira aðlaðandi fyrir fjöldann og að hún sé ekki langdregin. Talað er um að halda Uppskeruhátíð 2013 á sama hátt og verið hefur nú í ár en vilja sjá breytingar á næsta ári. Einnig þarf að fríska upp á hátíð yngri flokkanna sem ekki má verðlauna (reglur KSÍ) Sú hátíð hefur verið fyrir hádegi á degi Uppskeruhátíðar.
3. Farið yfir afslætti í Nóra. Sigurður R. Magnússon gjaldkeri BUR í knattspyrnudeild fer yfir afsláttareglur.

Lög Aftureldingar, 20 gr.(29. Mars 2012) : **Æfingagjöld skulu innheimt af deildum. Aðalstjórn skal hafa eftirlit með og samræma innheimtu æfingagjaldanna. Veita skal systkinaafslátt af æfingagjöldum og ef einstaklingur er í fleiri en einni grein hjá félagingu. Afslátturinn skal vera 10% af öllum æfingagjöldum.** Sigurður var búinn að fara yfir skilmála í öðrum félögum og farið var yfir þá. Hann vekur athygli á því að hefð sé fyrir því í okkar félagi að veita annað hvort 10% systkina eða 10% fjölgreinaafslátt en ekki hvorutveggja. Skerpa þarf á túlkun ofan greindrar lagagreinar og segir hann hæpið að túlka hana öðruvísi en veita skuli samtals 20% afslátt þegar svo ber undir. Framkvæmdastjóri leggur til að kosning fari fram á meðal formanna um þessa tillögu Sigurðar um það að veita 20% afslátt ef svo ber undir, þ.e.a.s 10% af öllum æfingagjöldum. Tveir formenn segjast vilja bera þetta undir sína stjórn og fara betur yfir þessa lagagrein og afsláttarkjör, fer því kosning ekki fram á þessum fundi. Kosning mun fara fram rafrænt í komandi viku.

Farið er yfir kosti vs galla. Allt utan umhald á afsláttum í Nora er gott. Á þeim er skýr framsetning. Nú þurfi að hafa mánaðarlega afstemmingu og uppgjör til deilda skv. skilagreinum.

Enn eru erfiðleikar við notkun frístundaávisana og er flöskuhálsinn hjá Mosfellsbæ. Gjaldkerar allra deilda þurfa að handfæra allar frístundaávisanir, tímafrekt og mikil vinna. Nori er öflugt sjálfsafgreiðslukerfi sem byggir á sjálfvirkum ferlum/skráningum. Hefur gott notendaviðmót og heilstæða og góða yfirsýn. Auðvelt er að nota Nóra sem greiningartæki innan félaga og milli félaga. Þjónustuaðili er traustur.

Framtíðarsýn í Nora er að beintengja frístundaávisanir. Að afsláttarreglur séu skýrar og sjálfvirkar. Kerfisbundin uppgjör á afsláttum. Sjálfvirkar bankakröfur og allt er varðar innheimtuna sjálfvirk og öll handavinna heyrir sögunni til. Það geri gjaldkerastarfið auðvelt og aðlaðandi.

4. Framlag til afreksstarfsemi – útteiling. Búið er að senda bréf til formanna allra deilda. Þar er beðið um hugmyndir á framkvæmd útteilingu. Formenn eiga eftir að skila þessari skýrslu til framkvæmdastjóra. Greiðsla styrksins fer fram 1. desember 2013. Er formenn hafa skilað inn skýrslu skal funda um niðurstöður. Þá skal fara yfir hverjir fá styrki og hvernig þeim er útteilt.
5. Önnur mál :

Guðjón vekur athygli á „Heilsueflandi samfélag í Mosfellsbæ“. Mosfellsbær er fyrst sveitafélag á Íslandi, heilsueflandi samfélag. Þennan fundardag 2.október mun Mosfellsbær, Embætti landlæknis og heilsuklasinn Heilsuvin undirrita samstarfssamning um Heilsueflandi samfélag í Mosfellsbæ. Undirritun fer fram í Lágafellsskóla um kvöldið. Guðjón hvetur alla fundarmenn til þess að fara í Lágafellsskóla og vera við undirritun samnings.

Guðrún Kristín Einarsdóttir spyr um þrif á Skólastofunni/Gámnum, segir því ábótavant. Indriði mun senda fyrirspurn á Sigurð B. Guðmundsson íþróttafulltrúa um það mál.

Fram kemur að Vallarhúsið er fyrir allar deildir félagsins, ekki bara knattspyrnudeild.

Ólafur Óskarsson leggur til að setja aftur á legg mannvirkjanefnd. Þar þurfi að forgangsraða verkefnum og marka stefnu og framtíðarsýn. Þegar þessi nefnd var á sínum tíma starfandi var einn fulltrúi frá hverri deild. Nú er lagt til að þrjú fulltrúar sitji þessa nefnd.

Spurt er hvenær Errea samningur rennur út. Hann rennur út í ágúst 2014. Huga þarf að endurnýjun samnings í byrjun árs 2014 og huga að útboðum.

Jóhann dreifir N1 afsláttakortum til formanna. Hann leggur áherslu á að allt utan umhald kortanna sé hjá honum og nauðsynlegt sé að skila þeim til hans upp á skrifstofu félagsins.

Guðjón biðlar til formanna að fara afskaplega vel í gegnum allar tilnefningar til verðlauna á uppskeruhátíð - hann leggur áherslu á að vandað verði vel til verka.

Fundi slitið kl. 19:12

Fundarritari : Lára Berglind Helgadóttir, varamaður í aðalstjórn